

SAMFÉLAGSSKÝRSLA REGINS 2018

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) er íslenskt hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland hf.). Félagið er fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Félagið lítur á sig sem brautryðjanda og framsækið fasteignafélag sem er eftirsóknarverður samstarfsaðili og vinnuveitandi. Þetta gerir félagið með því að byggja upp trausta innviði og öfluga liðsheild. Starfsemi félagsins felst í kaupum og þróun fasteigna til leigu fyrir atvinnurekstur og opinbera aðila. Tekjur félagsins koma frá leigutökum og frá rekstri og umsjón fasteigna. Félagið leggur áherslu á dreift eignasafn og fjölbreytta leigutaka. Fasteignasafn Regins telur 121 fasteign og er heildarstærð safnsins um 370 þúsund fermetrar. Mismunandi fyrirkomulag er á rekstri eigna félagsins þar sem í ákveðnum eignum sér félagið einnig um daglegan rekstur í húsunum s.s. húsumsjón, öryggisgæslu og ræstingu.

Félagið hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð sem hefur það markmið að stuðla að jákvæðum áhrifum félagsins á samfélagið. Felur stefnan m.a. í sér að viðhafa góða og vandaða stjórnunarhætti, vera virkur þátttakandi í að skapa betra samfélag og vinna eftir ábyrgri mannauðsstefnu sem stuðlar að öryggi, jafnrétti og velferð starfsmanna. Stefna um samfélagsábyrgð var staðfest af stjórn þann 1. febrúar 2018 og er aðgengileg á vef félagsins. Félagið birtir hér í fyrsta sinn sérstaka samfélagskýrslu með ófjárhagslegum upplýsingum sem hluta af samstæðuársreikningi Regins hf. fyrir árið 2018. Eftirfarandi upplýsingagjöf miðast við leiðbeiningar Nasdaq frá árinu 2017 sem setja fram mælikvarða á frammistöðu fyrirtækja með tilliti til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnunarháttanna. Mælikvarðarnir eru 33 og eru upplýsingarnar sem hér koma fram flokkaðar sem ófjárhagslegar upplýsingar og fylgja með ársreikningi fyrirtækisins.

Í hverjum þætti samfélagskýrslunnar er upplýsingagildi hans birt með tilliti til Global Reporting Initiative (GRI) og UN Global Compact (UNGC). Einnig er vísað í heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG) (sjá nánar í viðauka 1) sem Reginn styður. Í skýrslunni kemur fram hvaða markmiðum hver þáttur tengist en í starfsemi félagsins er snert á öllum 17 markmiðunum.

UMHVERFI

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu sem nær til fasteigna félagsins og umhverfis þeirra. Tilgangur stefnunnar er að stuðla að sjálfbærri þróun félagsins í umhverfismálum með því að sýna ábyrga umgengni og bera virðingu fyrir náttúrunni. Lögð er áhersla á að öll starfsemi félagsins valdi sem minnstum umhverfisáhrifum. Umhverfisstefnan var staðfest af stjórn 1. febrúar 2018 og er aðgengileg á vef félagsins.

Á árinu 2018 innleiddi Reginn hugbúnaðarlausn frá Klöppum sem gerir fyrirtækinu kleift að vakta marga umhverfisþætti í rekstrinum í rauntíma. Þar er búið að safna saman upplýsingum um orkunotkun, úrgangsmýndun og vatnsnotkun frá sex fasteignum í eigu og rekstri Regins, þeim eignum sem Reginn sér um rekstur í fasteignum í. Þessar fasteignir eru Smáralind, Egilshöll, Höfðatorg, Áslandsskóli og leikskólarnir Tjarnarvellir og Hörðuvellir. Í öðrum eignum sér félagið ekki um daglegan rekstur heldur er hann í höndum leigutaka. Samtals telja þessar eignir 34% af heildarfermetrum í eignasafni félagsins. Teknar hafa verið saman upplýsingar fyrir árið 2018 fyrir þessar eignir og eru þær birtar hér. Árið 2018 var fyrsta árið sem regluleg vöktun á umhverfisþáttum fór fram og er tölulegur samanburður við fyrri ár því ekki til staðar.

E1 BEIN OG ÓBEIN LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

GRI 305-1,2,3,5 | UNGC | SDG 7, 11, 13, 14, 15

Losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum kemur frá ýmsum þáttum í rekstrinum og er notast við aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol við mat á þessari losun. Árið 2018 er fyrsta árið sem þessi losun er metin. Losunin skiptist í þrjá flokka byggt á því hvaðan hún á rætur sínar að rekja. Umfang 1 tekur til beinnar losunar vegna reksturs húsnæðis og bifreiða í eigu fyrirtækisins. Umfang 2 tekur til losunar vegna framleiðslu á orku sem fyrirtækið notar og umfang 3 er síðan öll önnur óbein losun vegna vara og þjónustu til og frá fyrirtækinu.

Gögn um losun gróðurhúsalofttegunda koma úr hugbúnaði frá Klöppum, úr bókhaldsgögnum og könnun sem send var á starfsmenn.

Tafla 1. Losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂ ígilda

Lýsing	2018
Umfang 1	57,1
Umfang 2	485,9
Umfang 3	199,6
Samtals losun	742,5

Reginn hefur á síðustu árum lagt aukna áherslu á umhverfismál í sínum rekstri. Helstu aðgerðir sem farið var í eru kaup á rafknúnum bílum, aukin sorpflokkun, áhersla á innkaup umhverfisvottaðra ræstivara og endurnýtingu byggingarefnis, markvissari ljósastryring og orkuvöktun með orkusparnað í huga ásamt útskiptingu ljósgjafa í LED lýsingu. Til að vakta helstu umhverfisþætti í starfseminni hefur hugbúnaður frá Klöppum verið innleiddur. Síðla árs var hafin vinna við ítarlegri greiningu á sorpmálum hjá fyrirtækinu með aðgerðir í huga til að draga úr losun og bæta flokkun hjá félaginu og leigutökum. Til að mynda fór Reginn af stað í þróunarverkefni varðandi skráningu magns og sorplosunarflokka niður á leigutaka. Þessi vinna er enn í fullum gangi. Þá hefur skráning og eftirlit á innkaupum ræstivara og samstarf við birgja skilað sér í 84% hlutfalli umhverfisvæns pappírs og hreinsiefna í rekstri félagsins árið 2018.

Á árinu 2019 stefnir Reginn á að setja sér markmið um að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni og mun leita leiða til að kolefnisjafna reksturinn í samstarfi við þar til bæra aðila, svo sem Kolvið eða Votlendissjóð. Umhverfissjónarmið verða höfð að leiðarljósi við útskipti á núverandi bifreiðum félagsins.

E2 LOSUNARSTUÐLAR

GRI 305-4 | UNGC | SDG 7, 9, 11,13, 14, 15

Hér er birtur losunarstuðull fyrir losun gróðurhúsalofttegunda á fermetra húsnæðis í eigu og rekstri Regins. Gefur það samanburðarviðmið til að nota milli ára eða sem samanburðarviðmið við önnur fyrirtæki.

Tafla 2. Losun gróðurhúsalofttegunda m.v. gólfhlöt húsnæðis

Lýsing	2018
Heildarfjöldi m ² húsnæðis	126.196
Losunarstuðull kg CO ₂ / m ² húsnæðis	5,9

Líkt og áður hefur komið fram er þetta í fyrsta skipti sem Reginn birtir samfélagsskýrslu. Samhliða vinnu við gerð samfélagsskýrslu hefur ýmsum upplýsingum verið safnað og vöktun og stýringu komið á. Þessar upplýsingar verða notaðar til að bera saman árangur félagsins milli ára sem og til að sjá hvernig félagið stendur sig í umhverfismálum samanborið við önnur fyrirtæki í svipuðum rekstri. Á árinu 2019 verða skoðaðar leiðir til umbóta og mælanleg markmið sett.

E3 BEIN OG ÓBEIN ORKUNOTKUN

GRI 302-1,4 | UNGC | SDG 7, 11, 12, 13, 15

Orkunotkun er mjög mismunandi eftir eðli þeirrar starfsemi sem er í viðkomandi húsnæði. Eins og kom fram í þætti E1 þá vegur losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkuframleiðslu (umfang 2) mest í rekstri fyrirtækisins. Þessi orkunotkun er öll notkun á heitu vatni, bæði til upphitunar og heitu neysluvatni sem og öll raforka sem viðkomandi eignir Regins nota. Einnig er hluti af heildarorkunotkuninni öll notkun eldsneytis á farartæki í eigu Regins.

Tafla 3. Heildarorkunotkun í rekstri húsnæðis og bifreiða

Umfang	Orka	2018
1	Eldsneyti alls	220.622 kWh
1	Bensín	895 kWh
1	Dísel	219.726 kWh
2	Raforka	20.781.046 kWh
2	Heitt vatn	29.514.586 kWh

Líkt og fram kemur í E1 hefur orkunotkun verið vöktuð en með tilkomu hugbúnaðarins verður enn betur hægt að vakta og greina frávik í orkunotkun félagsins. Auknar upplýsingar um notkun gera félaginu kleift að grípa fyrir inn í ef um frávik er að ræða, veita betri innsýn í orkufrekustu þætti starfseminnar og varpa ljósi á hvar aðgerða er þörf.

E4 ORKUNOTKUNARSTUÐULL

GRI 302-3 | UNGC | SDG 7, 11, 13, 15

Eins og með heildarlosun gróðurhúsalofttegunda er hægt að gera samanburð á orkunotkuninni með tilliti til ýmissa rekstrarþátta í starfseminni. Sundurliðun á orkunotkun bifreiða og bygginga má sjá í eftirfarandi töflum. Fyrir byggingar er bæði horft til raforkunotkunar og orku til upphitunar.

Tafla 4. Orkunotkun bifreiða m.t.t. fjölda bifreiða og fjölda stöðugilda

Lýsing	2018
Fjöldi bifreiða	15
Stöðugildi	59
Orkunotkun bifreiða í kWh / fjöldi bifreiða	14.708
Orkunotkun bifreiða í kWh / stöðugildi	3.739

Tafla 5. Orkunotkun bygginga m.t.t. gólfplatlar og rúmmáls húsnæðis

Lýsing	2018
Heildarstærð húsnæðis í m ³	969.489
Heildar gólfplötur í m ²	126.196
Raforkunotkun bygginga í kWh / m ³	21,4
Raforkunotkun bygginga í kWh / m ²	164,7
Heitavatnsnotkun bygginga í kWh / m ³	30
Heitavatnsnotkun bygginga í kWh / m ²	234

E5 HELSTU ORKUGJAFAR

GRI 302-3 | UNGC | SDG 7, 11, 13, 15

Uppruni raforku á Íslandi er að langmestu leyti frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og jarðvarma og vatnsafli. Öll raforka sem Reginn kaupir er upprunavottuð af seljanda sem raforka af endurnýjanlegum uppruna. Eldsneyti á bifreiðar er einungis af óendurnýjanlegum uppruna.

E6 HLUTFALL ENDURNÝJANLEGRAR ORKU

GRI 302-3 | UNGC P7, P8, P9 | SDG 7, 11, 13, 15

Tafla 6. Orkunotkun m.t.t. uppruna í kWh og hlutfall endurnýjanlegrar orku af heildarorkunotkun

Lýsing	2018
Endurnýjanleg orka	50.295.632 kWh
Jarðefnaeldsneyti	220.622 kWh
Heildarorkunotkun	50.516.254 kWh
Hlutfall endurn. orku af heild	99,6%

E7 VATNSNOTKUN

GRI 303-1, 5 | UNGC | SDG 6, 11, 12, 14

Kalda- og heitavatnsnotkun er þáttur sem Reginn leitast við að stjórna eftir bestu getu með vöktun og viðbrögðum við frávikum. Hússtjórnarkerfi hjálpa til við stýringu, vöktun og viðhald á vatnsfrekum búnaði og kerfum. Minni notkun þýðir minni kostnaður og minna álag á innviði sem vatnsnotkunin byggir á. Heitavatnsnotkun er sett fram líkt og í orkunotkunarpættinum (E3) en einingin er í rúmmetrum. Ekki er til skipting á heitu vatni til neyslu annars vegar og til upphitunar hins vegar fyrir árið 2018. Kalt vatn er helst notað sem neysluvatn og til kælingar í hús- og tölvukerfum en heitt vatn er notað í upphitun, sem neysluvatn og í snjóbræðslu.

Tafla 7. Notkun á heitu og köldu vatni í m³

Lýsing	2018
Heitt vatn	508.873 m ³
Kalt vatn	296.386 m ³

E8 ÚRGANGSSTJÓRNUN

GRI 303-1, 5 | UNGC P7, P8, P9 | SDG 11, 12, 13, 14

Úrgangur er óumflýjanlegur í starfsemi Regins en með réttri fræðslu og meðhöndlun vill Reginn halda myndun úrgangs í lágmarki og leggja áherslu á góða og rétta flokkun á þeim úrgangi sem myndast og þar með auka endurvinnsluhlutfall úrgangsins. Líkt og fram kemur í E1 var síðla árs hafin vinna við ítarlegri greiningu á sorpmálum hjá fyrirtækinu með aðgerðir í huga til að minnka losun og bæta flokkun hjá félaginu og leigutökum.

Tafla 8. Magn og skipting úrgangs ásamt tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda

Lýsing	2018	2018
Heildarmagn úrgangs í kg	670.672	100%
Flokkaður úrgangur í kg	269.628	40,2%
Óflokkaður úrgangur í kg	401.044	59,8%
Losun gróðurhúsalofttegunda v. úrgangs t CO2 íg.	180,5	
Hlutfall af heildarkolefnisspori Regins	24,3%	
Meðhöndlun úrgangs í kg.		
Endurvinnsla	268.783	40,08%
Málmar	11.270	1,68%
Rafeindabúnaður	473	0,07%
Moltugerð	57.135	8,52%
Pappír og pappi	163.849	24,43%
Plast	1.836	0,27%
Blönduð endurvinnsluefni	34.220	5,10%
Förgun	401.889	59,92%
Urðun	401.704	59,90%
Spilliefni	185	0,02%

E9 UMHVERFISSTEFNA

GRI 103-2 | UNGC | SDG 2, 6, 7, 12, 13, 14, 15

Reginn hefur mótað umhverfisstefnu þar sem eftirfarandi áhersluatriði koma fram.

Reginn leitast við að:

- Öll starfsemi sem lýtur að höfuðstöðvum og fasteignum félagsins valdi sem minnstum umhverfisáhrifum.
- Nýta auðlindir svo sem byggingarefni, orku og pappír á sem bestan hátt.
- Draga úr úrgangi.
- Flokka úrgang eins og kostur er til endurvinnslu og endurnýtingar.
- Umhverfismerktar vörur og þjónusta skulu standa framar í vali en aðrar vörur og þjónusta.

Umhverfisstefnu Regins í heild sinni má sjá á heimasíðu félagsins. Á árinu 2019 verða skoðaðar leiðir til umbóta í umhverfismálum og markmið sett.

E10 UMHVERFISÁHRIF Í REKSTRI FYRIRTÆKISINS

GRI 307/103-1 | UNGC | SDG 2, 6, 7, 12, 13, 14, 15

Reginn er fasteignafélag og sem slíkt fellur ekki undir lög um umhverfisábyrgð. Sú staðreynd breytir því ekki að fyrirtækinu er annt um að halda umhverfisáhrifum vegna daglegs reksturs í lágmarki. Engin umhverfisatvik sem varða við lög og reglugerðir áttu sér stað á árinu 2018.

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Félagið hefur sett sér starfskjarastefnu sem felur í sér það yfirlýsta markmið að laða til sín hæfustu einstaklinga á hverjum tíma og greiða þeim samkeppnishæf laun. Er þar horft til ábyrgðar, árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum. Félagið hefur að leiðarljósi að gefa starfsmönnum tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Starfskjarastefnan var síðast staðfest á aðalfundi þann 14. mars 2018 og er hægt að nálgast hana á vef félagsins. Í starfs- og siðareglum félagsins, sem staðfestar voru af stjórn 20. mars 2018, er mælt fyrir um að starfsmenn skuli koma fram af fagmennsku og heiðarleika. Virðing, sanngirni, kurteisi og sæmd skulu einkenna öll samskipti við viðskiptavini, samstarfsmenn og aðra sem stofnað er til viðskiptasambands við. Þá virðir Reginn mannréttindi sem eina af grundvallarstoðum samfélagsins sem allir eiga jafnt tilkall til án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Starfræktar eru nefndir á vinnustað sem ætlað er að fyrirbyggja og taka á málum sem tengjast kynferðislegri áreitni, ofbeldi og einelti. Starfs- og siðareglur félagsins eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Reginn leggur mikið upp úr velferð og heilsueflingu starfsmanna þar sem stuðlað er að bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Félagið veitir heilsustyrki árlega og starfandi er íþróttaráð sem skipuleggur ýmsa heilsuefandi viðburði, svo sem vinnustaðajóga, fræðsluerindi, og íþróttaviðburði. Þá er starfsmannafélag virkt og sumarhús leigt út til starfsmanna og fjölskyldna þeirra. Stefnt er að því að bjóða upp á samgöngustyrki og þannig hvetja til bæði heilbrigðara lífennis og minnkunar á losun koltvísýrings út í andrúmsloftið.

S1 LAUNAHLUTFALL ÆÐSTA STJÓRNANDA

GRI 102-38/405-2 | UNGC | SDG 8

Stjórn félagsins ákvarðar laun forstjóra í samræmi við starfskjarastefnu félagsins, byggt á hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins. Innan félagsins er starfandi starfskjaranefnd. Miðgildi launa starfsmanna árið 2018 var 18,06% af launum forstjóra.

S2 LAUNAHLUTFALL EFTIR KYNI

GRI 405-1 | UNGC | SDG 5, 8, 10



Reginn hefur farið í gegnum jafnlaunaúttekt og sótt verður um jafnlaunavottun á árinu 2019. Niðurstaða jafnlaunaúttektarinnar sýnir að grunnlaun karla árið 2018 voru 1,6% hærri en grunnlaun kvenna. Þegar skoðuð eru heildarlaun er munurinn hins vegar 1,7%. Félagið hefur sett sér starfskjarastefnu sem felur í sér það yfirlýsta markmið að laða til sín hæfustu einstaklinga á hverjum tíma og greiða þeim samkeppnishæf laun. Er þar horft til ábyrgðar, árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefnan var síðast staðfest á aðalfundi þann 14. mars 2018 og er hægt að nálgast hana á vef félagsins.

S3 STARFSMANNAVELTA

GRI 401-1 | UNGC | SDG 3, 5, 8, 10

Í upphafi árs 2018 voru starfsmenn Regins og dótturfélaga 30 talsins. Um mitt ár 2018 tók félagið aftur við rekstri í Smáralind og Egilshöll og voru samhliða þeim breytingum ráðnir inn 24 starfsmenn. Í lok árs 2018 voru starfsmenn orðnir 59 talsins. Starfsmannavelta 2018 var 19,15% sé litið til allra starfsmanna félagsins, þ.m.t. sumarstarfsmanna. Sé einungis horft til fastráðinna starfsmanna var veltan 4,26%. Félagið hefur gengið í gegnum miklar breytingar á stuttum tíma og samhliða þeim hefur

verið uppgangur í samfélaginu sem oft hefur í för með sér tíða hreyfingu fólks á vinnumarkaði. Reginn er mikið í mun að tryggja vellíðan starfsmanna og leitast með því við að takmarka óeðlilega og neikvæða starfsmannaveltu á umrótatímum.

S4 KYNJAVÍDDIR

GRI 405-1 | UNGC | SDG 5, 8, 10

Árið 2018 var kynjaskipting starfsmanna 36% konur og 64% karlar. Reginn hefur lagt áherslu á jöfnun kynjahlutfalla í stjórnunarstöðum og var það hlutfall 58% karlar, 42% konur árið 2018.

S5 SAMSETNING STARFA – HLOTASTÖRF

GRI 102-8 | UNGC | SDG 8

Árið 2018 voru 2,5 stöðugildi leyst með 6 hlutastarfsmönnum. Þjónustuverktakar gengu síðan í töluverðan hluta þeirra viðhaldsverkefna sem innt voru af hendi innan félagsins og fór umfang þeirra alfarið eftir verkefnastöðu.

S6 JAFNRÉTTI

GRI 406 | UNGC P6 | SDG 5, 10

Félagið hefur farið í gegnum jafnlaunaúttekt og sótt hefur verið um jafnlaunavottun. Reginn fylgir jafnframt lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem og öðrum lögum og reglum er varða mismunun. Þá kemur fram í starfs- og siðareglum Regins að mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, uppruna, litarhafts, trúarbragða, aldurs, fötlunar, hjúskapar- og/eða fjölskyldustöðu sé með öllu óheimil.

S7 HEILSA OG ÖRYGGI STARFSMANNA

GRI 403-2, 9, 10 | UNGC | SDG 3

Árið 2018 voru veikindadagar 4,4 að meðaltali á starfsmann og eitt slysatilfelli þar sem starfsmaður klemmdi sig en var ekki frá vinnu vegna þessa. Í Egilshöll og Smáralind eru vinnuslys skráð niður í húsunum. Í vinnu við önnur hús er áhætta takmörkuð og menn klæðast vinnuverndarbúnaði. Vinnuslys í þeim tilvikum eru skráð á skrifstofu Regins. Ef um vinnuslys er að ræða eru þau tilkynnt til vinnueftirlitsins. Hvert slys er metið fyrir sig og kappkostað að fyrirbyggja sambærileg slys með bættem búnaði eða aðbúnaði, eftir því sem við á.

S8 HEILSUVERND

GRI 403/103-2 | UNGC | SDG 3

Reginn styður við heilsueflingu starfsmanna með heilsustyrk og jákvæðu viðhorfi til heilsueflingar og heilbrigðs lífennis. 26 starfsmenn nýttu sér heilsustyrkinn 2018. Félagið veitir einnig orlofsstyrk sem var nýttur af 79% starfsmanna árið 2018. Starfandi er íþróttaráð sem skipuleggur ýmsa heilsueflandi viðburði, svo sem vinnustaðajóga, fræðsluerindi, og allar íþróttir fá notið sín. Þá er starfsmannafélag virkt og sumarhús leigt út til starfsmanna og fjölskyldna þeirra.

S9 BARNA- OG NAUÐUNGARVINNA

GRI 408/409 | UNGC P4, P5 | SDG 1, 4, 5

Reginn starfar skv. íslenskri vinnulöggjöf og eru engin ungmenni undir 18 ára starfandi hjá félaginu. Sumar og jól 2018 sinntu ungmenni á vegum undirverktaka léttum útistörfum við valdar eignir félagsins. Voru ákvæði X. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sérstaklega höfð að leiðarljósi við vinnu ungmenna ásamt reglugerð um vinnu barna og unglunga nr. 426/1999, ásamt síðari breytingum. Engar ábendingar eða kvartanir hafa borist félaginu um barna- eða nauðungarvinnu á vegum félagsins eða þjónustuverktaka.

S10 MANNRÉTTINDASTEFNA

GRI 102-16/103-2/412 | UNGC P1, P2 | SDG 1-17

Mannréttindi eru ein af grundvallarstöðum samfélagsins sem allir eiga jafnt tilkall til án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna og fylgir Reginn þessum grunngildum í allri sinni starfsemi. Innan félagsins er starfandi nefnd sem tekur á eineltis og áreitnimálum kunnri þau að koma upp. Reginn metur og virðir starfsfólk sitt hvert á eigin forsendum. Hjá félaginu gildir félagafrelsi starfsmanna.

S11 BROT Á MANNRÉTTINDUM

GRI 102-17/103-2/412-1 | UNGC P1, P2 | SDG 1, 2, 3, 5, 10

Engin mál sem teljast til brota á mannréttindum hafa komið upp hjá félaginu.

S12 KYNBUNDIN SAMSETNING STJÓRNAR

GRI 102-22 | UNGC P6 | SDG 5, 10

Í stjórn Regins 2018 voru 3 konur (60%) og 2 karlar (40%) og varamenn 1 kona (50%) og 1 karl (50%) og uppfyllir félagið því ákvæði hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórnnum hlutafélaga.

STJÓRNARHÆTTIR

Stjórnarhættir Regins eru í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Félagið er með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands og ber því að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja samkvæmt reglum Kauphallarinnar sem hægt er að nálgast á vef hennar. Á vefsíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur, er að finna sérstakt svæði tileinkað stjórnarháttum með öllum nánari upplýsingum. Félagið hefur sett sér samkeppnisstefnu þar sem talin eru upp þau mikilvægu sjónarmið sem fólgin eru í því að starfa í hvívetna eftir lögum og reglum um samkeppni í allri starfsemi félagsins. Samkeppnisstefnan var samþykkt af stjórn félagsins 1. febrúar 2018 og er aðgengileg á vef félagsins. Félagið hefur einnig sett sér persónuverndarstefnu þar sem fjallað er um verndun og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuverndarstefnan var samþykkt af stjórn félagsins 16. ágúst 2018 og er aðgengileg á vef félagsins.

G1 STJÓRN - AÐGREINING VALDS

GRI 102-23 | UNGC | SDG 8, 10, 16

Forstjóri og framkvæmdastjórnar Regins fara með ábyrgð og stjórn á daglegum rekstri félagsins og dótturfélaga þess. Forstjóri veitir stjórn félagsins upplýsingar um rekstur félagsins og öll önnur mikilvæg atriði sem geta haft áhrif á hann. Forstjóri leggur óvenjulegar eða mikilsháttar ráðstafanir fyrir stjórn. Stjórn félagsins hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Stjórnin fer samkvæmt lögum og samþykktum félagsins með æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda. Stjórn félagsins skipa fimm stjórnarmenn og tveir til vara. Allir stjórnarmenn félagsins eru óháðir félaginu. Fjórir stjórnarmenn eiga eignarhlut í félaginu, beint eða í gegnum tengd félög. Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda, í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Sjá nánari umfjöllun starfsreglum stjórnar og stjórnarháttayfirlýsingu Regins.

G2 STJÓRN - GAGNSÆI ÁKVARÐANA

UNGC | SDG 8, 10, 16

Stjórn Regins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í starfsreglum stjórnar er hlutverk, ábyrgð og valdsvið hennar skilgreint auk þess sem kveðið er á um skiptingu starfa innan stjórnar, verksvið stjórnar, stjórnarformanns og forstjóra, verklag og reglur um upplýsingagjöf og fleira. Starfsreglurnar eru endurskoðaðar árlega og birtar á vefsíðu félagsins. Stjórn félagsins hefur framkvæmt formlegt árangursmat vegna starfa sinna á árinu 2018 og fengið úttekt og greiningu á stjórnarháttum og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja frá endurskoðunarskrifstofu.

G3 HVATAR TIL SAMFÉLAGSÁBYRGÐAR MEÐ KAUPAUKA (SJÁLFBÆRNIHVATI)

GRI 102-35 | UNGC | SDG 9, 16

Stefna félagsins um samfélagslega ábyrgð var sett 1. febrúar 2018 og er endurskoðuð árlega. Með stefnunni sýnir félagið vilja til að stuðla að aukinni velferð samfélags og umhverfis í rekstri sínum. Reginn hefur jafnframt til hliðsjónar hin tíu grundvallarmarkmið Global Compact sáttmálans á vegum Sameinuðu þjóðanna sem varða samfélagslega ábyrgð. Umhverfisstefna félagsins var staðfest af stjórn þann 1. febrúar 2018 og er endurskoðuð árlega. Félagið hefur ekki formlega sett sér hvatakerfi varðandi sjálfbærni í samræmi við leiðbeiningar ESG en slíkt er í skoðun hjá félaginu. Í starfskjarastefnu félagsins er hvatakerfi til staðar þar sem kveðið er á um að stjórn félagsins sé heimilt að greiða starfsmönnum, stjórnendum og forstjóra félagsins árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórnin samþykkir að fengnu álit starfskjaranefndar. Starfskjarastefnan er birt á vefsíðu félagsins og endurskoðuð árlega á aðalfundi félagsins.

G4 SANNGJARN VINNURÉTTUR

GRI 102-41 | UNGC P3 | SDG 3, 8, 16

Reginn tryggir starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi sem fullnægir kröfum um heilsu og öryggi á vinnustað. Hjá félaginu gildir félagafrelsi starfsmanna til stéttarfélaga. Fjöldi starfsmanna Regins og

dótturfélaga sem eru aðilar að stéttarfélagi er 96,6% og fjöldi starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga er 3,4%. Reginn hefur fengið upplýsingar frá verktökum sem félagið stundar viðskipti við og undirverktökum þeirra um notkun starfsmannaleigna og fengið ýmist staðfestingu eða frekari upplýsingar um að starfskjör starfsmanna séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hérlendis.

G5 BIRGJAHEGÐUN (BIRGJAMAT)

GRI 102-14/308/414 | UNGC P8 | SDG 1, 2, 5, 6, 7, 8, 10, 12

Reginn hefur ekki sett sér sértæka stefnu varðandi birgjamat. Félagið leitast við að velja birgja sem sýna samfélagslega ábyrgð og hafa gott viðskiptasiðferði að leiðarljósi sbr. stefnu félagsins um samfélagslega ábyrgð.

G6 SIÐAREGLUR

GRI 102-16 | UNGC | SDG 16

Starfs- og siðareglur Regins og dótturfélaga voru endurskoðaðar og staðfestar af stjórn á árinu 2018 og eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Starfs- og siðareglur þessar gilda um alla starfsemi, alla starfsmenn og stjórnendur samstæðunnar. Við ráðningu staðfesta starfsmenn að þeir hafi lesið, skilið og muni starfa eftir reglum. Markmið þeirra er að mæla fyrir um almennar skyldur starfsmanna til þess að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á félaginu. Reglurnar endurspeglar mikilvæg gildi á borð við áreiðanleika, sanngirni og jafnræði sem grundvallast á því að starfsmenn félagsins skulu koma fram af heiðarleika og trúnaði og eru bundnir þagnarskyldu lögum samkvæmt um hvaðeina sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu varðandi viðskiptavini og um starfsemi félagsins.

G7 AÐGERÐIR GEGN SPILLINGU OG MÚTUM

GRI 102-17/205-1,2 | UNGC P10 | SDG 16

Í stefnu félagsins um samfélagslega ábyrgð er áréttað að hvers kyns spilling, mútur af einhverju tagi eða önnur ólögleg starfsemi sé ekki liðin undir neinum kringumstæðum. Félagið framfylgir góðu viðskiptasiðferði á gagnsæjan hátt og í samræmi við verklagsreglur og takmarkar þannig áhættu af spillingu, mútum og annarri ólöglegri starfsemi. Starfsmenn og stjórnendur skulu aldrei láta einkahagsmuni stangast á við hagsmuni félagsins eða viðskiptavina þess. Mögulega hagsmunaaárekstra ber að tilkynna til regluvarðar eða næsta yfirmanns. Stjórn félagsins og forstjóri hafa komið á innra eftirliti og áhættustýringu með starfsemi félagsins til að fyrirbyggja og greina hugsanleg mistök og sviksemi starfsmanna og viðskiptavina félagsins. Regluvörður félagsins, sem er skipaður af stjórn, hefur umsjón með að reglum um innherjaupplýsingar og verðbréfaviðskipti sé fylgt.

G8 GAGNSÆI SKATTA OG GJALDA

GRI 201-1 | UNGC | SDG 8, 16

Reginn er fasteignafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð á hlutabréfamarkað í Kauphöll Íslands. Upplýsingar um skattgreiðslur og önnur gjöld sem félagið greiðir eru birtar í ársreikningi. Ársreikningur

samstæðunnar er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Meginhlutverk og ábyrgð endurskoðunarnefndar, undirnefndar stjórnar, er að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila og endurskoðun ársreiknings, samstæðureikninga og annarra fjárhagsupplýsinga.

G9 SAMFÉLAGSSKÝRSLA

UNGC | SDG 4, 12, 17

Samfélagsskýrsla þessi er sú fyrsta sem félagið birtir nú samhliða ársreikningi og er henni ætlað að uppfylla lög um ársreikninga nr. 73/2016.

G10 AÐFERÐARFRÆÐI - RAMMI

UNGC | SDG 17

Við gerð samfélagsskýrslu þessarar var stuðst við valfrjálsar ESG leiðbeiningar sem kauphallir Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hafa gefið út og taka mið af GRI (Global Reporting Initiative), alþjóðlegum staðli sem leiðbeinir fyrirtækjum og stofnunum við miðlun upplýsinga um samfélagslega ábyrgð. Reginn leggur áherslu á að mæta kröfum samfélagsins og fjárfesta um birtingu upplýsinga um samfélagslega ábyrgð. Í samfélagsskýrslunni eru birtir umhverfispættir félagsins úr hugbúnaðinum Klappir Core sem mælir m.a. raforkunotkun, heitavatnsnotkun, eldsneytisnotkun, meðferð og losun úrgangs og fleira. Þá var stuðst við VI. kafla ársreikningalaga nr. 3/2006, ásamt síðari breytingum.

G11 UTANAÐKOMANDI ENDURSKOÐUN OG ÁRITUN

GRI 102-56 | UNGC | SDG 17

Með hugbúnaði frá Klöppum eru settar fram rekjanlegar upplýsingar og greiningar um umhverfispætti félagsins í samfélagsskýrslu. Klappir sérhæfir sig í aðferðarfræði og hugbúnaðarlausnum á sviði umhverfismála sem gerir fyrirtækjum kleift að upplýsa um árangur í slíkum málum á hagkvæman og gagnsæjan hátt. Verkfræðistofan Efla var félaginu einnig innan handar með ráðgjöf við gerð samfélagsskýrslunnar.

VIÐAUKI 1

¹Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun eru eftirfarandi:

- 1: Engin fátækt.** Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar.
- 2: Ekkert hungur.** Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.
- 3: Heilsa og vellíðan.** Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar.
- 4: Menntun fyrir alla.** Tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.
- 5: Jafnrétti kynjanna.** Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað.
- 6: Hreint vatn og hreinlætisaðstaða.** Tryggja öllum aðgengi að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu.
- 7: Sjálfbær orka.** Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.
- 8: Góð atvinna og hagvöxtur.** Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
- 9: Nýsköpun og uppbygging.** Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.
- 10: Aukinn jöfnuður.** Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.
- 11: Sjálfbærar borgir og samfélög.** Gera borgir og íbúðasvæði öllum auðnotuð, örugg og sjálfbær.
- 12: Ábyrg neysla og framleiðsla.** Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.
- 13: Aðgerðir í loftslagsmálum.** Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
- 14: Líf í vatni.** Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt.
- 15: Líf á landi.** Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórnun skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.
- 16: Friður og réttlæti.** Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla.
- 17: Samvinna um markmiðin.** Efla framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun.



2

¹ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10adb4fe-7989-11e8-942c-005056bc530c>

² <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/>